

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, svæði sunnan Hofsjökuls.

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 29. desember 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Eftirfarandi breytingar verða á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 á svæðinu sunnan Hofsjökuls:

#### A. Orkuvinnsla.

1. *Nýting jarðvarma. Hágöngur - Köldukvislarbotnar:* Gert er ráð fyrir nýtingu jarðvarma við Hágöngur.
2. *Háspennulínur. Háspennulína frá jarðvarmavirkjun við Hágöngur:* Gert er ráð fyrir tengingu að Sprengisandslínu.

#### B. Náttúruvernd.

Breyting verður við Hágöngur vegna nýtingar jarðvarma, gert er ráð fyrir að almenn verndarsvæði við Hágöngulón breytist í fyrirhuguð orkuvinnsla jarðhita.

#### C. Samgöngur.

1. *Hágönguleið, Vonarskarð - Sveðjuhraun:* Skipulagsuppdráttur er leiðréttur í samræmi við legu núverandi vegar að Hágöngum.
2. Gerðar eru breytingar á skipulagsuppdrætti á legu aðalfjallveggar milli Hágangna og núverandi Sprengisandsleiðar og tengingin færð til suðurs í samræmi við nýjar mælingar.
3. *Kerlingafjöll - Norðlingaalda:* Gert er ráð fyrir að núverandi einkavegur norðan Kerlingafjalla að Norðlingaöldu sunnan Þjórsárvera færist í flokk fjallvega.
4. *Leppistungur - Bjarnalækjarbotnar:* Færður er inn á skipulagsuppdrátt núverandi afréttarvegur um Hrunamannafrétt og breytt lega til suðurs á fyrirhuguðum vegi á milli Bjarnalækjarbotna og Leppistungna með tengingu við afréttarveginn.

#### D. Ferðamál.

1. *Hálendismiðstöð í Kerlingafjöllum:* Gert er ráð fyrir að skálasvæði í Kerlingafjöllum verði fært upp um flokk og verði hálendismiðstöð.
2. *Heiðará, Fjallasel við Heiðarvatn:* Gert er ráð fyrir fjallaseli við Heiðarvatn sem tengist nýtingu veiðiréttar í Heiðarvatni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar hvað ofangreindar breytingar varðar. Synjað er staðfestingar á þeim hluta skipulags-tillögunnar sem varðar Norðlingaölduveitu og gildir því núverandi svæðisskipulag áfram á því svæði.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. desember 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2006